

## Lokaverkefni

Frum samið lag og texti – útsetning og upptökur

Óskir þrjár / María Bóel

## **Afhverju valdi ég að semja lag sem mitt lokaverkefni?**

Ég valdi mér að semja lag og texta, taka lagið svo upp og útsetja með hjálp leiðbeinanda míns. Ég ákvað það vegna þess að eftir framhaldsskóla stefni ég á tónlistarnám í Reykjavík og hef því mikinn áhuga á tónlist. Ég gaf út eitt lag síðasta sumar og fannst vera kominn tími á annað og því var tilvalið að velja mér að nýta það í lokaverkefni. Ég hafði aðgang að góðum leiðbeinanda og miklum reynslubolta í þessum efnum því var ekkert þessu til fyrirstöðu. Einnig á ég gott bakland í tónlist og ritlist en þannig gat ég fengið góða hjálp við texta og lagasmíðina.

## **Hvernig fór ferlið fram?**


Það fyrsta sem ég gerði var að setjast við píanóið og semja lagið. Ég átti einhverjar hugmyndir að laglínu sem mig langaði að nota. Svo kom lagið til mín smá saman og einhver texti fyrir viðlag. Þá fór ég og spilaði lagið inn hjá mér í upptökuforritinu Logic og söng það inn með einhverri hugmynd af texta sem var þó alveg á frumstigi. Ég sem sagt bjó til svokallaða „demo“ upptöku af laginu og sendi á Guðjón leiðbeinandann minn.

Hann hlustaði á hugmyndina og síðan hittumst við til þess að byrja að teikna lagið upp, fá hugmyndir um útsetningu og slíkt. Við tónfluttum lagið en það var samið í C dúr og var hækkað í D dúr vegna þess að okkur fannst sú tóntegund henta röddinni minni betur. Við tókum lagið upp og unnum í því, spiluðum inn hljómborð, forrituðum trommurnar og svo framvegis. Einnig tókum við upp söng með textanum sem þá var til, sjálf var ég mjög kvefuð þegar við tókum upp þannig þetta hljómaði ekkert sérlega vel en gaf okkur góða hugmynd um hvernig við vildum hafa þetta. Næsta verk var að vinna textann.

Ég byrjaði á því að skrifa upp smá söguþráð, skrifa um hvað ég vildi að lagið myndi fjalla. Síðan vann ég úr því og skrifaði niður erindin og viðlagið. Þessar hugmyndir lét ég síðan pabba minn hafa og fékk hann til þess að hjálpa mér að þróa þetta áfram. Pabbi hefur verið að semja lög og texta í fjöldamörg ár og því orðin mjög fær í þeim efnum. Pabbi tók textann og skoðaði vel, svo endurskrifaði hann og kom með hugmyndir af því hvernig hann myndi frekar orða það sem ég var að segja. Hann passaði upp á að hafa rímið fjölbreyttara og fallegra orðalag. Ég tók svo við textanum frá pabba endurskrifuðum og skoðaði vel. Sumt var ég mjög ánægð með en annað fannst mér ekki passa og skrifaði því inn fjöldann allan af athugasemdum. Þannig smám saman þróuðum við textann saman. Einnig fékk ég systur mína sem er með B.A. próf í íslensku og er í meistaranámi í ritlist til þess að skoða hann með mér. Svo fékk ég einnig vinkonu mína hana Steinunni Dagmar til þess að lesa textann yfir en hún hefur mikinn áhuga á ljóðlist og gaf út ljóðabók í fyrra sem sitt lokaverkefni. Mér fannst mikilvægt að margir kæmu

að og segðu sína skoðun, sumu var ég sammála en öðru ekki og nýtti mér þær athugasemdir og hugmyndir sem mér þóttu sniðugar.

Hérna fyrir neðan má sjá dæmi um hvernig textinn þróaðist. Efri línan er þriðja erindið í laginu og neðri línan er fyrri hluti viðlags. Þarna vorum við þabbi búin að breyta þessu fram og til baka en enduðum sammála um erindið og viðlagið lengst til hægri.



Þegar textinn var tilbúinn var ekkert annað í stöðunni en að fara í að klára að útsetja og taka upp lagið. Ég var ekki ennþá búin að ákveða hvað lagið ætti að heita og var það smá vandamál. Það mátti ekki heita hvað sem er vegna þess að í náinni framtíð stefni ég á að gefa út plötu og þyrfti titillinn á þessu lagi að passa inn í þema plötunnar sem var nú þegar ákveðið. Eftir miklar vangaveltur sættist ég við nafnið *Óskir þrjár*, mér fannst það ævintýralegt og fallegt. Þegar það vandamál var út sögunni hittumst við Guðjón til þess að klára að taka upp lagið. Við byrjuðum á að taka sönginn upp, alveg upp á nýtt með nýjum texta og tók það nokkrar söngtökur að fá niðurstöðuna sem við vildum. Svo fórum við að taka upp raddir, breyttum trommunum, settum svo inn alls konar synta og þannig skemmtilegheit sem gáfu laginu lit. Loka upptökur tóku tvö kvöld og þegar þeim var lokið var ekkert annað í stöðunni en að fara í að lagið klárt til útgáfu.

Guðjón stóð sig eins og hetja í að hljóðblanda lagið en það er eitthvað sem ég kann bara ekkert í en hann með margra ára reynslu á því sviði. Þá var lagið klárt og við virkilega ánægð með niðurstöðuna og stolt af þessu verki sem við sköpuðum. Næst á dagskrá er bara að gera lagið klárt í að setja það á streymisveituna Spotify, mögulega Youtube og vona að þetta sé eitthvað sem fólk hafi áhuga á að hlusta á.



Hér til hliðar læt ég svo fylgja mynd af okkur Guðjóni í upptökum eitt kvöldið og ekki þótti okkur þetta leiðinlegt eins og sjá má.

# Óskir þrjár

♩ = 96

Musical notation for measures 1-9. The piece is in 4/4 time with a key signature of one sharp (F#). The first measure is a whole rest in both staves. Measures 2-5 feature a series of chords in the right hand and octaves in the left hand. Measures 6-9 show a more active melodic line in the right hand with eighth notes and sixteenth notes, while the left hand continues with octaves.

10

Musical notation for measures 10-17. The right hand continues with a melodic line of eighth and sixteenth notes, and the left hand maintains a steady octave accompaniment.

18

Musical notation for measures 18-25. The melodic line in the right hand continues, with some chords in the left hand appearing in measure 25.

26

Musical notation for measures 26-33. The right hand has a melodic line, and the left hand has octaves with some chords in measure 33.

34

Musical notation for measures 34-41. The right hand has a melodic line, and the left hand has octaves with some chords in measure 41.

